

L Ö G

94

28. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1947 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1947 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfangjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1947.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

95

28. des.

um, að ákvæði samnings frá 7. október 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Meðan samningur sá, er undirritaður var fyrir Íslands hönd hinn 7. október 1946 við Bandaríki Ameríku um niðurfelling hvervendarsamningsins frá 1941 o. fl., er í gildi, skulu ákvæði hans, er varða aðflutningsgjöld, útflutningsgjöld, tekjuskatt, afnotarétt fasteigna og önnur atriði, sem sérstaklega er rætt um í samningnum og varða íslenska löggjöf, hafa lagagildi hér á landi. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara atriða má setja í reglugerð.

2. gr.

Nú eru vörur þær, sem verða tollfrjálsar eftir 1. gr. laga þessara, sbr. 9. lið samnings þess, sem um ræðir í 1. gr., seldar, látnar í skiptum eða gefnar án þess